

aðaárinu, eða fjórum sinnum 365 ár, sem er 1460 ár. Eða vér gætum sagt, að 1461 mánaðaár væri jöfn 1460 Sothis-árum, eða hinum venjulegu árum eins og tímareikningur vor er nú.

Snemma hefir hlotið að hafa verið tekið eftir þessum skakka, þótt hallinn í sjálfu sér væri svo smár á hverjum mannsaldri, að það orsakaði engan rugling. Hver kynslóð byrjaði því að telja sína daga þaðan frá sem mánaðaárið vísadi til, athugasemdalaust, en eins og að sjálfsögðu, og það þótt flóð og fjara, missiraskifti, sumarkoma, eða miðsumarleytið bæri upp á þenna dag, þessa eða hins mánaðarins. Almúgamaður um fímtugt eða sextugt naumast varð þess var, að missiraskiftin voru orðin tíu til tólf dögum á undan árstíðunum, við það sem verið hefði þegar hann var barn.

Pó er getið í stöku stað á steintöflunum, þessa eltingaleiks mánaðaársins við stjörnufræðisárið. Þannig er þess getið í veggletri í Sínai, sem ritað er á dögum miðríkisins. (nokkru eftir árið 2000 f. tt. v.), að embættismaður einn er sendur var til eirnámannar þar, og náði þangað á þriðja mánuði vetrar, hefði liðið miklar þrautir og menn hans vegna sumarhitans og sólarsterkjunnar. Pegar svo er komið er skekkjan orðin 7—8 mánuðir milli mánaðaársins og hinna réttu árstíða. Þannig má hvað eftir annað rekja þenna skakka fyrir framan árið 700 f. tt. v. Sex mismunandi atburða er getið, ýmist stjörnufræðislegs eðlis eða þá eins og þetta, þegar mánaðaárið er búið að færa veturninn yfir á sunnar, í veggletri og öðrum fornum leifum. Enn fremur getur Censorinus þess, að á árunum 140—41, til 143—4 tt. v., hafi hinum eðlilegu árstíðir algerlega samstempt árstíðaskifting hins lögboðna mánaðaárs, og eitt árið hafi stjarnan Sothis komið upp á nýársdag mánaðaársins. Heilli hringferð hefir því verið lokið um það leyti, er byrjað hefir 1460 árum fyrr, eða 1320 f. tt. v. Næsta hringferð þar á undan hefir því hafist árið 2789 f. tt. v., eða um það leyti, er veggletrin fyrist fara að geta um ruglinginn á tímareikningnum. En nú getur það ekki verið að tímareikningur þessi hafi fyrist verið færður í lög á tuttugustu og